

# Fréttapistill frá forseta Íslands

14. desember 2020

Ég vona að sem flestir njóti nú aðventunnar og aðdraganda jóla. Ég vona líka að fólk fari varlega, sinni eigin sóttvörnum og forðist fjölmenni eftir því sem tók eru á. Aðgerðir okkar til að stemma stigu við veirunni hafa mikið til byggst á því að höfða til samstöðu allra og skynsamlegra ákvarðana hvers og eins. Um leið finnur maður auðvitað fyrir vaxandi óþreyju, jafnvel sinnuleysi og ekki síður þirringi sums staðar. Langflestir virðast þó staðráðnir í að standa áfram saman og fara varlega, sjálfum sér og öðrum til heilla. Og bóluefni er handan við hornið, frábær vitnisburður um það sem vísindi og alþjóðasamvinna geta áorkað þegar rétt er á málum haldið.

Í nýliðinni viku hlotnaðist mér einmitt sá heiður að verðlauna vísindastarf. Íslensk erfðagreining hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands við hátíðlega athöfn í Hörpu í Reykjavík á þriðjudaginn var. Kári Stefánsson, forstjóri fyrirtækisins, tók við þeim fyrir hönd starfsliðs. Um leið var Hildi Guðnadóttur, tónskáldi og tónlistarmanni, veitt heiðursviðurkenning fyrir eftirtektarverð störf sem aukið hafa hróður Íslands á erlendri grundu. Systir Hildar, Margrét Guðnadóttir, tók við verðlaununum fyrir hennar hönd. Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðum forsetaembættisins og Íslandsstofu sem er bakhjarl Útflutningsverðlaunanna. Ég óska Hildi og hennar fólki og liðsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar til hamingju með verðskuldaðan heiður.

Miðvikudaginn 9. desember færði ég frönsku þjóðinni samúðarkveðju og ritaði nafn mitt í minningabók vegna andláts Valéry Giscard d'Estaing, forseta Frakklands 1974–1981. Við sama tilefni færði Graham Paul, sendiherra Frakklands, mér greinargóðan bækling, sem sendiráðið lét semja, um samskipti Íslendinga og Frakka í aldanna rás.

Á fimmtudagsmorgun lá leið mín til Hvanneyrar í Borgarfirði. Þar var ég viðstaddur þann ánægjulega viðburð að Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar fékk Grænfánann afhentan í tíunda sinn og hefur enginn annar skóli á Íslandi náð þeim áfanga. Landvernd stýrir Grænfánaverkefninu hér á landi fyrir hönd alþjóðasamtakanna Foundation for Environmental Education. Nemendur á Hvanneyri tóku virkan þátt í athöfninni, sungu fyrir mig og aðra gesti og hlýddu á ávörp. Grænfáninn var svo dreginn að hún og viðstaddir nutu veitinga utan dyra. Ég færi nemendum og starfsliði skólans hjartanlegar hamingjuóskir með þennan glæsilega áfanga og óska þeim jafnframt alls velfarnaðar.

Ég fékk krakkana á Hvanneyri líka til liðs við mig, á alþjóðadegi mannréttinda, og tók þátt í alþjóðlegu átaki til að vekja athygli á mannréttindum, ekki síst rétti allra til að njóta heilbrigðisþjónustu.

Eftir hádegi tók ég þátt í stafrænu málþingi um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem Háskólinn á Akureyri stóð fyrir í tilefni af útgáfu nýs rits um þau mál, Icelandic Constitutional Reform, í ritstjórn Ágústs Þórs Árnasonar og Catherine Dupré. Um leið var þingið haldið til minningar um Ágúst Þór sem lést í fyrra eftir skamma baráttu við krabbamein. Fyrirlestur minn á þinginu má lesa hér:

<https://www.forseti.is/.../2020-12-10-m%C3%A1ll%C3%BEing.../>

Einnig birti ég hér hluta upphafs- og lokaorða erindis míns: „Við Ágúst Þór ræddum gjarnan um stjórnarskrármál, meðal annars um uppruna og inntak lýðveldisstjórnarskrárinnar. Ég vitnaði í orð þingmanna og lögspekinga árið 1944 um „bráðabirgðastjórnarskrá“ sem taka skyldi til gagngerðrar endurskoðunar við fyrstu hentugleika. Honum fannst ég taka þar fulldjúpt í árinu. Við skiptumst líka á skoðunum um stöðu stjórnarskrárinnar í hrúninu. Hann taldi hana hafa staðist þá prófraun og undir það má taka. Á hinn bóginn tel ég að við þá umræðu megi meðal annars bæta að úrelt ákvæði um Landsdóm hafi gert illt verra þessi átakaár, enda hefur víða gætt ríks vilja til þess að leggja dóminn af í núverandi mynd.

...

Að síðustu minntist ég á stjórnarskrármál við setningu Alþingis í byrjun október, lofaði þá samstöðu sem þjóðin hefur sýnt í þrengingum þessa árs en bætti svo við þessum orðum: „En hitt getur líka gerst að viljinn til samstöðu hamli breytingum, leiði til kyrrstöðu. Illt væri að una við það til eilífðarnóns í mikilvægum málum að engu skuli hnikað vegna þess að full eining sé ekki fyrir hendi. Þannig synjunarvald samræmist vart lýðræðislegum stjórnarháttum. Sannfæring getur verið eins lofsamleg og samstaða – en er samt ekki varhugavert að standa gegn breytingum ef þær fullnægja ekki óskum fólks og þörfum í einu og öllu? Þannig synjunarvald virðist ekki heldur til framfara fallið, sú leið til stöðnunar að hafna málamiðlunum og áfangasigrum, að velja frekar það versta en það næstbesta.“ Einnig taldi ég brýnt að þingmenn taki þær tillögur að breytingum á stjórnarskrá, sem fram kunna að koma í vetur, til efnislegrar afgreiðslu. Víst er að vangeta í þeim efnum má teljast áhyggjuefni.“

Á laugardaginn var skemmtileg hátíðarstund á Bessastöðum. Síðastliðin ár hefur Forvarnardagurinn verið haldinn að hausti, með heimsóknunum í skóla og umfjöllun um mikilvægi forvarna og heilbrigðs lífarnis. Farsóttin kom auðvitað í veg fyrir það. Kynningarefni var þó gert aðgengilegt og ég hvet alla til að kynna sér það á síðu Forvarnardagsins, [www.forvarnardagur.is](http://www.forvarnardagur.is). Jafnframt var boðað til spurningaleiks og á laugardag tóku sigurvegar í honum við viðurkenningum sínum við hátíðlega athöfn hér. Um 360 nemendur grunn- og framhaldsskóla um allt land tóku þátt í leiknum og var dregið úr réttum svörum. Viðurkenningu hlutu þær Sigríður Birta Skarphéðinsdóttir, Grunnskóla Fjallabyggðar á Siglufirði, Sóley Bestla Ýmisdóttir, Verzlunarskóla Íslands og Ásdís Bára Eðvaldsdóttir, Heiðarskóla í Reykjanesbæ.

Í gær var sýnd í Ríkissjónvarpinu aðventustund fyrir syrgjendur. Þar var leikin hugljúf tónlist og ávörp flutt. Ég fór með hugvekju og unnt er að horfa á minningarstundina hér: <https://www.ruv.is/.../adventustund-fyrir.../31111/98mabh>. Viðburðurinn var á vegum Sorgarmiðstöðvar, Landspítala og Þjóðkirkjunnar.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar. Njóttum aðventunnar.